

## A 1871/välfärd

Flytjandi Norræn vinstri græn  
Afgreiðsla Velferðarnefnd

**Þingmannatillaga um framleiðslu á norrænu bóluefni****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að ríkisstjórnir Norðurlanda tryggi fjármögnun rannsókna á bóluefni á Norðurlöndum

að ríkisstjórnir Norðurlanda taki höndum saman um framleiðslu á norrænu bóluefni

að ríkisstjórnir Norðurlanda taki virkan þátt í marghliða starfi við að koma í veg fyrir að takmarkanir vegna einkaleyfa og vankantar á miðlun þekkingar og tækni standi í vegi fyrir skjótvirkri og hagkvæmri baráttu við farsóttir

**Bakgrunnur****Framleiðsla norræns bóluefnis**

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur sýnt hversu hratt og með hve stórfelldum hætti og alvarlegum afleiðingum veira getur dreift sér um æ þéttari heim. COVID-19 dreifði sér um allan heiminn á nokkrum mánuðum. Hæpið er að kórónufaraldurinn verði síðasti heimsfaraldurinn sem við upplifum á ævi okkar.

Fyrir vikið er heilsa okkar háð alþjóðlegum framleiðslukeðjum og flóknum og leynilegum samningum alþjóðlegra fyrirtækja. Þrátt fyrir að nokkrar tegundir bóluefna hafi verið þróaðar með hraði í baráttunni gegn COVID-19 hefur bæði framleiðsla þeirra og afhending reynst óstöðug og ónæg miðað við þörfina á heimsvísu. Betur þarf að tryggja aðgengi að bóluefni á krísutímum. Besta leiðin til þess er að innleiða norrænt samstarf um sameiginlega framleiðslu á bóluefni, **til viðbótar við núveranda alþjóðasamstarf**, og auka við fjármögnun landanna til rannsókna og þróunar á bóluefni.

Nú þegar er til staðar mikil hæfni innan norrænna rannsókna á bóluefni. Í Finnlandi er verið að þróa tvær tegundir bóluefna gegn COVID-19 sem gefa góð fyrirheit. Annað þeirra er á prófunarstigi. Til að auðvelda og flýta fyrir rannsóknum og þróun á bóluefnum þarf þó að leggja enn meiri áherslu á fjármögunun þeirra. Tryggja verður fjármögnun, einnig á tímum þegar þörf á bólusetningu er ekki brýn. Ganga þarf úr



skugga um að opinber fjármögnun á þróun bóluafna leiði til endurfjárfestingar í opinbera geiranum en ekki hagnaðar einkaaðila.

Heilbrigði Norðurlandabúa verður best tryggt með því að setja á laggirnar norræna bóluafnaframleiðslu sem framleitt getur bæði leyfisvarin bóluafni sem þróuð hafa verið utan Norðurlanda og bóluafni sem þróuð hafa verið á Norðurlöndum.

Dreifing bóluafnis hefur reynst vera eitt brýnasta réttlætismál okkar tíma. Auk þess að tryggja heilbrigði Norðurlandabúa ætti samnorræn framleiðsla á bóluafni að stuðla að dreifingu bóluafnis á heimsvísu. Tryggja verður aðgang lág- og meðaltekjulanda, sem ekki hafa sömu fjárhagslegu burði og samningsstöðu og ríku löndin varðandi kaup á bóluafni, að bóluafni, lyfjum og læknisbúnaði í baráttunni við farsóttir.

Sú ákvörðun Dana að ganga til samstarfs við Ísrael um bóluafni í stað þess að leggja áherslu á framleiðslu norræns bóluafnis er skref í ranga átt, ekki síst í ljósi þess að Ísraelar meina íbúum hernumina svæða í Palestínu um aðgang að bóluafni. Norðurlönd eiga að vinna að réttlæti í heiminum, einnig á krísutímum, í stað þess að olnboga sig áfram og koma íbúum sínum fram fyrir í röðinni. Norðurlönd eiga að taka virkan þátt í marghliða starfi við að koma í veg fyrir að takmarkanir vegna einkaleyfa og vankantar á miðlun þekkingar og tækni standi í vegi fyrir skjótvirkri og hagkvæmri baráttu við farsóttir.

Umræða um norræna bóluafnisframleiðslu er ekki ný. Í mörg ár, áður en faraldurinn hófst, hafa vinstriflokkar í nokkrum norrænu ríkjanna bent á þörfina á eigin framleiðslu á bóluafni. Norræn bóluafnisframleiðsla var rædd í norrænu ráðherranefndinni þegar árið 2006. Eitt ár í greipum farsóttarinnar hefur sýnt okkur hve knýjandi þessi þörf er. Norðurlönd verða að axla ábyrgð á bæði íbúum sínum og alþjóðasamfélaginu.

Norðurlöndum, 25. mars 2021

*Christian Juhl (Ø)*  
*Daniel Riazat (V)*  
*Freddy André Øvstegård (SV)*  
*Høgni Hoydal (T)*  
*Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)*

*Lorena Delgado Varas (V)*  
*Veronika Honkasalo (VF)*  
*Sofia Geisler (IA)*  
*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*